

— Vinna þar sem hnífur er dreginn í átt að líkamanum.

Leðursvuntur

- Rafsuða.
- Eldsmíði.
- Málmsteypa.

Hlífur á framhandlegg

- Úrbeining og kjötskurður.

Hanskar

- Rafsuða.
- Meðhöndlun á hlutum með hvassar brúnir, þó ekki ef unnið er við vélar þar sem hanski getur fest.
- Vinna við sýrur eða ætandi efni.

Hanskar úr málmneti

- Úrbeining og kjötskurður.
- Vinna þar sem hnífur er notaður reglulega við framleiðslu eða slátrun.
- Þegar skipt er um hnífa í skurðarvélum

7. HLÍFÐARFATNAÐUR GEGN VEÐRI

- Útvinna í regni og kulda.

8. FÖT ÚR ENDURSKINSEFNI

- Vinna þar sem starfsmenn verða að sjást greinilega.

9. FALLVÖRN (ÖRYGGISBELTI)

- Vinna á vinnuöllum og þökum.
- Vinna við uppsetningu á fyrirframgerðum byggingareiningum.
- Vinna við möstur.
- Vinna við gluggaþvott.
- Vinna í göngum og ræsum.
- Vinna uppi í borturnum.
- Vinna á stjórnstöðum lyftikrana hátt yfir umhverfinu.

10. HÚÐVÖRN

- Meðhöndlun á húðunarefnum.
- Sútun.

REGLUR

um skjávinnu.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Efni og gildissvið.

1. Með reglum þessum eru gerðar kröfur um öryggi og hollustu við skjávinnu í samræmi við skilgreiningar þær sem fram koma í 2. gr.

2. Reglurnar gilda um skjávinnu á vinnustöðum sem lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda um, sbr. þó þrengri eða sérhæfðari ákvæði sem þessar reglur fela í sér.
3. Reglurnar gilda ekki um:
 - a) stýrishús ökutækja eða vélbúnaðar;
 - b) tölvukerfi um borð í flutningatækjum;
 - c) tölvukerfi sem aðallega eru ætluð til almenningsnota;
 - d) „færanleg“ kerfi sem ekki eru notuð til frambúðar á ákveðnum stað;
 - e) reiknivélar, sjóðvélar og annan tækjabúnað með litlum skjá, þar sem gögn eða mæligildi birtast, sem er nauðsynlegur til að nota tækið beint;
 - f) ritvélar af venjulegri gerð, svokallaðar „skjáritvélar“.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í reglum þessum merkir:

- a) *Skjár*: stafa- eða myndskjár, án tillits til þess hvaða aðferð er notuð til birtingar.
- b) *Verkstöð*: samsafn búnaðar, að meðtöldum skjá, sem getur verið tengdur hnappaborði, mús eða öðru ílagstæki og/eða hugbúnaði þeim sem sér um samskipti manns og vélar, viðbótarbúnaði, jaðartækjum, þar með talið disklingadrifi, síma, mótaldi, prentara, skjalahaldara, vinnustól og vinnuborði eða vinnufleti, svo og nánasta vinnuumhverfi;
- c) *Starfsmaður*: hver sá starfsmaður, sem fellur undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sem iðulega notar skjá við umtalsverðan hluta vinnu sinnar.

II. KAFLI

Skyldur atvinnurekenda.

3. gr.

Úttekt á vinnustöðum.

1. Atvinnurekendur skulu sjá til þess að gerð sé úttekt á verkstöðvum í því skyni að meta hvaða áhrif þær hafa á starfsmenn með tilliti til öryggis og hollustu, einkum að því er varðar hugsanlega áhættu fyrir sjón og líkamlegt og andlegt álag.
2. Atvinnurekendur skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að ráða bót á ástandinu á grundvelli matsins sem um getur í 1. mgr. og taka mið af frekari og/eða samtvinnuðum áhrifum af áhættunni sem þannig er greind.

4. gr.

Nýjar verkstöðvar.

Atvinnurekendur skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að verkstöðvar sem teknar eru í notkun í fyrsta sinn eftir gildistöku þessara reglna uppfylli lágmarkskröfurnar sem tilgreindar eru í viðauka.

5. gr.

Eldri verkstöðvar.

Atvinnurekendur skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að verkstöðvar sem hafa verið teknar í notkun fyrir gildistöku þessara reglna séu lagfærðar þannig að þær uppfylli lágmarkskröfurnar sem tilgreindar eru í viðaukanum eigi síðar en 1. janúar 1997.

6. gr.

Upplýsingar til starfsmanna og þjálfun þeirra.

1. Starfsmenn skulu fá upplýsingar um alla þætti öryggis og hollustu er tengjast verkstöðvum þeirra, einkum upplýsingar um ráðstafanir tengdar úttekt á vinnustað, daglegri vinnutilhögun og augn- og sjónvernd þeirra.
Í öllum tilvikum ber að upplýsa starfsmenn eða fulltrúa þeirra um allar ráðstafanir á sviði öryggis og hollustu sem gerðar eru samkvæmt þessum reglum.
2. Allir starfsmenn skulu fá starfsþjálfun áður en þeir hefjast handa við skjávinnu og í hvert skipti sem skipulagi verkstöðvar er breytt verulega.

7. gr.

Dagleg vinnutilhögun.

Atvinnurekanda ber að skipuleggja vinnu starfsmanna á þann hátt að dagleg skjávinna sé rofin reglulega með hléum eða vinnu af öðru tagi sem minnkar álag við skjávinnu.

8. gr.

Samráð við starfsmenn og þáttaka þeirra.

Hafa ber samráð við starfsmenn og/eða fulltrúa þeirra og tryggja að samstarf geti orðið sem best um öryggismál, aðbúnað og hollustuhætti, á því sviði sem reglur þessar taka til, að viðaukanum meðtöldum, sbr. 16. gr. laga nr. 46/1980.

9. gr.

Augn- og sjónvernd starfsmanna.

1. Starfsmenn skulu eiga rétt á að hæfur aðili prófi augu þeirra og sjón á viðeigandi hátt:
 - áður en skjávinna hefst,
 - með jöfnu millibili eftir það,
 - ef fram koma vandkvæði tengd sjón sem gætu átt rót að rekja til skjávinnu.
2. Starfsmenn skulu eiga rétt á skoðun hjá augnlækni ef niðurstöður prófsins sem um getur í 1. mgr. gefa til kynna að þess þurfi.
3. Sjá verður starfsmanni fyrir sérstökum búnaði til úrbóta sem hæfir því starfi sem um er að ræða ef niðurstöður prófsins eða skoðunarinnar sem um getur í 1. og 2. mgr. sýna að það sé nauðsynlegt og ekki er hægt að nota venjuleg gleraugu, snertilinsur eða þvíumlíkt.
4. Ráðstafanir sem gerðar eru samkvæmt þessum reglum mega aldrei hafa í för með sér aukakostnað fyrir starfsmenn.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

10. gr.

Áfrýjun úrskurða.

Ákvörðunum og úrskurðum sem teknir eru samkvæmt reglum þessum af Vinnueftirliti ríkisins má áfrýja samkvæmt 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

11. gr.

Undanþágur.

Vinnueftirlitið getur veitt undanþágur frá einstökum ákvæðum þessara reglna vegna tæknilegra breytinga eða þegar aðrar sérstakar ástæður mæla með því.

IV. KAFLI
Refsiákvæði.

12. gr.

Brot á þessum reglum varða ákvæði 99. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

V. KAFLI
Gildistaka.

13. gr.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 38. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og með hliðsjón af tilskipun 90/270/EBE í XVIII. viðauka samnings um Evrópska efnahagssvæðið. Reglurnar staðfestast hér með til að öðlast gildi við birtingu.

Félagsmálaráðuneytið, 31. ágúst 1994.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Gylfi Kristinsson.

VIÐAUKI.

Fullnægja skal þeim skuldbindingum sem mælt er fyrir um í þessum viðauka til að ná markmiðum reglnanna, í fyrsta lagi með því að sjá til þess að nauðsynlegir þættir séu til staðar við verkstöðina og í öðru lagi með því að bæta úr þeim þáttum sem koma í veg fyrir að markmiðunum verði náð.

1. BÚNAÐUR

a) Almenn athugasemd

Sjálf notkun búnaðarins má ekki fela í sér heilsuvá fyrir starfsmenn.

b) Skjár

Tákn sem sýnd eru á skjá skulu vera skörp, skýr og nægilega stór, og bil milli tákna og milli lína skal vera nægjanlegt.

Skjámyndin skal vera stöðug og laus við flökt og annan óstöðugleika.

Sá sem skjáinn notar skal eiga auðvelt með að stilla birtu á skjá og/eða birtumun milli bakgrunns og tákna og einnig til samræmis við ytri aðstæður.

Skjá skal vera auðvelt að snúa og halla til samræmis við þarfir þess sem notar hann.

Gera skal ráð fyrir notkun sérstaks skjásökkuls eða stillanlegs skjáborðs.

Skjár skal vera laus við glampa og endurvarp ljóss sem valdið getur notanda hans óþægindum.

c) Hnappaborð og mús

Hnappaborð skal vera hallanlegt og aðskilið frá skjánum svo starfsmaður geti unnið í þægilegri líkamsstillingu sem ekki veldur óeðlilegri þreytu í höndum, handleggjum, hálsi eða herðum.

Fyrir framan hnappaborð skal rými vera nægilegt til að hendur og handleggir notanda geti hvílt á borðplötunni.

Til hliðar við hnappaborð skal vera nægilegt borðrymi fyrir músina.

Hnappaborð skulu vera með mattri áferð svo ekki glampi á þau.

Fyrirkomulag hnappa og hnapparnir sjálfir skal vera þannig að auðvelt sé að nota hnappaborðið.

Tákn á hnöppum skulu vera nægilega skörp og læsileg í venjulegri vinnustellingu.

d) Vinnuborð eða vinnuflötur

Vinnuborð og vinnufletir skulu vera nægilega stór, með yfirborð sem endurvarpar litlu ljósi og þannig að fyrirkomulagi á skjá, hnappaborði, verkefnisskjölum og tilheyrandi búnaði megi breyta eftir þörfum.

Skjalahaldarar skulu vera af þeirri gerð sem hæfir verkefninu, stöðugir og stillanlegir, og komið þannig fyrir að dregið sé sem mest úr óæskilegum vinnustellingum.

Starfsmenn skulu hafa nægilegt rými til að geta komið sér fyrir í þægilegri stellingu.

e) Vinnustóll

Vinnustóllar skulu vera stöðugir og veita starfsmönnum kost á að hreyfa sig óhindrað og vera í þægilegri líkamsstillingu.

Hæð setu skal vera stillanleg.

Hæð stólbaks svo og halli þess skal vera stillanlegur.

Öllum skal séð fyrir fótskemli sem þess óska.

2. UMHVERFI

a) Rými

Verkstöðin skal vera nægilega rúmgóð og þannig skipulögð að notandi geti breytt um líkamsstillingu og líkamshreyfingar.

b) Lýsing

Með herbergislýsingu og/eða vinnulýsingu (vinnulömpum) skal séð fyrir því að lýsing sé fullnægjandi og birtumunur á skjá og umhverfi að baki honum hæfilegur þegar höfð er hliðsjón af eðli starfsins og því sem hentar sjón notandans.

Komið skal í veg fyrir glampa og endurskin af skjám og öðrum búnaði með því að laga skipulag vinnustaðar og verkstöðvar að staðsetningu og tæknilegum eiginleikum lýsingar.

c) Endurskin og glampar

Verkstöðvar skulu skipulagðar þannig að ekki stafi glampar af ljósgjöfum, svo sem gluggum eða öðrum opum, gegnsæjum eða hálfgegnsæjum veggjum eða búnaði eða veggjum í ljósum lit, og að slíkt valdi eins litlu truflandi endurskinu á skjá og framast er kostur.

Á gluggum skal koma fyrir viðeigandi stillanlegum búnaði til að hylja þá þannig að hæfileg birta falli á verkstöðina.

d) Hávaði

Þegar verkstöðvum er komið upp skal taka tillit til hávaða frá búnaði sem þar er komið fyrir, einkum með það í huga að hann truflí ekki athygli fólks eða samtöl.

e) **Hiti**

Ekki má stafa svo mikill hiti frá búnaði sem tilheyrir verkstöðvum að hann valdi starfsmönnum óþægindum.

f) **Geislun**

Vegna öryggis og heilsu starfsmanna skal geislun (utan hins sýnilega hluta rafsegulsviðsins) haldið svo lítilli sem framast er unnt.

g) **Raki**

Loftraki skal vera hæfilegur.

3. AÐLÖGUN STARFSMANNS OG BÚNAÐAR

Þegar hugbúnaður er hannaður, valinn eða keyptur eða þegar honum er breytt, og þegar skipulögð eru störf þar sem skjáir eru notaðir, skal atvinnurekandi hafa hliðsjón af eftirfarandi:

- hugbúnaður skal hæfa því verki sem vinna skal;
- hugbúnaður skal vera auðveldur í notkun og skal unnt að laga hann að þekkingu eða reynslu notandans eftir því sem við á; ekki má beita tölvukerfi til afkasta- eða gæðaeftirlits án vitundar starfsmanna;
- tölvukerfi skulu gefa starfsmönnum upplýsingar um hvernig verki miðar;
- upplýsingarnar skulu gefnar í því formi og með þeim fresti sem hentar notendum;
- tekið skal tillit til vinnuvistfræðilegra sjónarmiða, sérstaklega hvað snertir störf við meðferð upplýsinga.

REGLUR

um öryggi og hollustu þegar byrðar eru handleiknar.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Efni og gildissvið.

- Reglur þessar gilda um það þegar byrðar eru handleiknar og því fylgir hætta á heilsutjóni, sérstaklega bakmeiðslum, vegna þess hvernig hluturinn er gerður eða að vinnuvistfræðilegar aðstæður eru slæmar.
- Reglurnar gilda á vinnustöðum sem lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum ná til.

2. gr.

Skilgreining.

Í þessum reglum merkir orðasambandið „að handleika byrðar“ það þegar einn eða fleiri starfsmenn flytja byrði úr stað eða styðja við hana. Í því felst að lyfta, setja niður, ýta, draga, bera eða færa til byrði, sem getur verið hlutur/hlutir, fólk eða dýr.